

skyldu hér umrætt ár, að félagið greiddi honum ofangreind laun fyrir starf hans í þágu félagsins vestra, enda hann ekki unnið fyrir þeim launum hér og þau send honum vestur, sbr. ákvæði 6. gr. útsvarslaganna hér að lútandi. — Samkvæmt framanrituðu þykir því verða að neita um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar. Hins vegar verður eftir atvikum málskostnaðarkrafa gerðarþola eigi tekin til greina.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á eigi fram að ganga.

Málskostnaðarkrafa gerðarþola er eigi tekin til greina.

Föstudaginn 7. febrúar 1947.

Nr. 89/1943. **Jón Þorkelsson** (Hrl. Magnús Thorlacius)
gegn

Verzlunarfélaginu Borg h/f og gagnsök
(Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson).

Setudómarar próf. Ísleifur Árnason og hrl.
Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna Tryggva-
sonar og hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Ágreiningur um verð sauðfjárafurða.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 27. september 1943, krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 181.09 með 6% ársvöxtum frá 20. september 1939 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 3. desember 1943 skotið málinu til hæstaréttar með stefnu sama dag, krefst þess, aðallega að hann verði sýknaður og honum dæmdur málskostnaður úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, en til vara, að héraðsdómurinn verði staðfestur og aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti.

Sá háttur var á hafður við kaup á sauðfé því, er í málinu

greinir, að dilkarnir voru vegnir lifandi, er umboðsmaður gagnáfrýjanda tók við þeim. Greiddi umboðsmaðurinn þá kr. 0.25 út á hvert pund dilka þeirra, sem voru yfir 70 pund, en kr. 0.22 út á pund tveggja dilka, sem ekki náðu þessum þunga. Fékk aðaláfrýjandi með þessum hætti greitt kr. 337.54. Samstundis afhenti umboðsmaðurinn aðaláfrýjanda svonefnda „vig tarnótu“, og var á hana prentað: „Kaupum féð uppskorið og greiðum verð, sem svarar til aur. pr. pd. lifandi vigt.“

Samkvæmt þessu, ummælum í málflutningi og öðrum þeim gögnum, sem fram hafa komið í málinu, er fullvist, að sauðfé aðaláfrýjanda skyldi greiðast til fullnaðar eftir niðurlagi, enda hafði verðlagsnefnd hinn 1. september 1939 veitt gagnáfrýjanda slátrunarleyfi með því skilyrði, að hann keypti sauðfé eftir niðurlagi, en ekki á fæti, sbr. lög nr. 2/1935.

Gagnáfrýjandi sendi aðaláfrýjanda hinn 27. desember 1940 kr. 40.98 til viðbótar áðurgreiddri fjárhæð, og hafði aðaláfrýjandi þá alls fengið kr. 378.52 fyrir dilkana. En ekki lét gagnáfrýjandi af hendi þá sundurliðaða skilagrein um sláturafurðir af dilkunum. Varð þetta til þess, að aðaláfrýjandi, sem ekki taldi, að hann hefði hlotið fulla greiðslu, höfðaði mál þetta. Hefur hann tekið þann kost að leggja fyrir Pál ráðunaut Zóphóniasson „vig tarnótu“ þá, sem umboðsmaður gagnáfrýjanda afhenti honum við viðtöku dilkanna, og æskja álits Páls um fallþunga þeirra. Hefur Páll látið í té skýrslu allýtarlega, þar sem greint er hlutfall milli þunga dilka á fæti og fallþunga þeirra. Hefur aðaláfrýjandi síðan lagt niðurstöður Páls til grundvallar kröfum sínum í málinu. Gagnáfrýjandi hefur nú í málinu lagt fram sundurliðaðan reikning um ket og slátur af dilkum þeim, sem aðaláfrýjandi seldi honum. Visar gagnáfrýjandi þessum reikningi til stuðnings í svonefnda „innvigtunarbók“. Svo hefur hann og fyrir sig vætti löggilts vigtarmanns, sem kveðst hafa vegið m. a. föllin af dilkum aðaláfrýjanda. Innvigtunarbókin hefur reynzt ónákvæm í ýmsum greinum, blöð vanta í hana og greint er þar frá fallþunga sauðfjár, sem þá var ekki slátrað, að því er talið er. Fyrirsvarsmaður gagnáfrýj-

anda hefur og lýst því, að hann byggi ekki á bók þessari í bókhalði gagnáfrýjanda. Að þessu athuguðu þykir varhuga-vert að reisa niðurstöðu málsins á því, sem skráð er í nefnda bók. Þá þykir og viðurhlutamikið að láta vætti vigtarmanns- ins ráða úrslitum, þar sem hann ber um vigt á tilteknum sauðkindum, er framkvæmd var fyrir 5—6 árum, og hann virðist ekki hafa fullnægjandi bókhalð eða minnisblöð að styðja sig við.

Svo sem lýst hefur verið, bar gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda dilkana eftir niðurlagi. Átti gagnáfrýjandi því að afhenda aðaláfrýjanda innan hæfilegs tíma frá slátr- un glögga skilagrein um það, hvernig dilkarnir lögðu sig. Þessa skyldu lét gagnáfrýjandi undir höfuð leggjast. Þegar gætt er þessara atriða og það virt, að gagnáfrýjanda hefur ekki tekizt að leggja fram fullnægjandi gögn um magn slát- urafurða af dilkum aðaláfrýjanda, verður að leggja til grundvallar dómi í máli þessu áætlun þá um fallþunga dilk- anna, sem reist er á álitserð Páls ráðunauts Zóphóniássonar.

Aðaláfrýjandi hefur reist reikning sinn á verði því, sem Sláturfélag Suðurlands galt í Reykjavík haustið 1939, en verðlag þetta er heldur hærra á flestum afurðum en verð- lag á sams konar vörum í Borgarnesi á sama tíma. Rétt þykir að miða við verðlagið í Borgarnesi, enda var sauðfé aðaláfrýjanda selt til Borgarness og svo samið samkvæmt skýrslum umboðsmanns gagnáfrýjanda, að við greiðslu skyldi höfð hliðsjón af afurðaverði Kaupfélags Borgfirðinga.

Samkvæmt framanskraðu er rétt að reikna viðskipti að- ilja þannig:

281,3 kg ket á kr. 1.10	kr. 309.43	
56,26 kg gærur á kr. 3.20	— 180.03	
Slátur úr 17 kindum á kr. 3.50 ..	— 59.50	kr. 548.96
Frá þessari fjárhæð dregst:		
Sláturlaun kr. 0.80 × 17	kr. 13.60	
Verðjöfnunargjald kr. 0.01 × 281.3	— 2.81	
Sölulaun 3% af afurðaverði	— 16.47	
Greitt í peningum kr. 378.52 ...	— 378.52	— 411.40
Mismunur	kr. 137.56,	

er dæma ber gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi 3. júní 1942 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað, sem ákveðst samtals í héraði og fyrir hæstarétti kr. 1500.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Verzlunarfélagið Borg h/f, greiði aðaláfrýjanda, Jóni Þorkelssyni, kr. 137.56 ásamt 6% ársvöxtum frá 3. júní 1942 til greiðsludags og samtals kr. 1500.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. júní 1943.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 3. júní 1942, af Jóni Þorkelssyni, bónda að Litla-Botni, gegn Verzlunarfélaginu Borg h/f í Borgarnesi til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 181.09 með 6% ársvöxtum frá 20. september 1939 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi krefst aðallega sýknu, en til vara lækkunar stefnukröfunnar. Þá krefst stefndi og málskostnaðar, hvernig sem málið fer.

Málsatvik eru þau, að haustið 1939 sendi stefndi Pétur Sívertsen, bónda að Höfn, um Hvalfjarðarströnd og víðar í því skyni að útvega sláturfé hjá bændum. Létu margir bændur stefnda fá fé, og var stefnandi einn í þeirra hópi. Fénu var öllu safnað saman að Höfn. Var það síðan vegið þar á fæti, og greidd jafnframt nokkur fjárhæð. Heldur stefndi fram og byggir á því aðalkröfu sína, að þarna hafi farið fram fullnaðargreiðsla fjárins, en af þeirri ástæðu, að hann greiddi seljendum síðar nokkra viðbótargreiðslu, verður ekki á þessa málsástæðu fallið, enda var bæði slátrunarleyfi stefnda og umræddum viðskiptum á þann veg háttað, að telja verður, að féð hafi átt að greiðast eftir því, sem það legði sig uppskorið í Borgarnesi, en þar var því slátrað.

Kröfu sína í máli þessu byggir stefnandi á því, að greiðsla sú, er hann hefur þegar fengið fyrir fé sitt, sé aðeins greiðsla upp í söluverð þess, en engan veginn fullnaðargreiðsla, þar sem féð hafi lagt sig meira uppskorið en greiðslunni nemur. Hefur hann, í því skyni að rökstyðja þessa staðhæfingu sína, lagt fram áætlun í reiknings-

formi um magn það af kjöti, gærum og slátrum, er hann telur fé sitt niðurskorið hafa gefið af sér. Hefur hann síðan reiknað afurðir þessar vissu verði, er hann telur hæfilegt, dregið frá ýmsa kostnaðarliði, er hann viðurkennir að draga beri frá verðinu, og peningagreiðslu, sem stefndi hefur þegar greitt. Fær hann þannig út stefnukröfu málsins.

Hérgreindri áætlun stefnanda hefur stefndi andmælt, bæði að því er snertir afurðamagn og verð. Hefur hann lagt fram skýrslu í reikningsformi um afurðamagn fjárins og verð þess niðurskorins svo og um allan kostnað, er stefnandi eigi að greiða, og peningagreiðslu til hans. Eftir þeim gögnum telur stefndi stefnanda í skuld við sig.

Stefndi er bókhaldsskylt fyrirtæki. Verður því að leggja til grundvallar dómi í máli þessu skýrslu hans um afurðamagn fjár stefnanda niðurskorins, enda eru upplýsingar stefnda um afurðamagnið teknar úr verzlunarbókum hans og gögn þau, er stefnandi hefur byggt á áætlun sína um afurðamagn fjárins og lagt fram í málinu, ekki næg til að hnekkja þeim. Verð afurðanna ber hins vegar að reikna hæfilegt innkaupsverð þeirra í Borgarnesi haustið 1939 eftir þeim gögnum, er fyrir liggja, og frádráttinn á sama hátt að viðbættri greiðslunni til stefnanda, enda eru ekki sannaðir neinir fastir samningar milli aðilja um verðlag afurðanna og frádráttarliði í viðskiptum þessum. Aðeins er frá þessu vikið, ef viðurkenningar aðilja standa til annars.

Í samræmi við þetta reiknast innlegg stefnanda:

1. 235 kg kjöt á kr. 1.10	kr. 258.50
2. 47 kg gætur á kr. 3.20	— 150.40
3. 17 slátur á kr. 2.50	— 42.50

Kr. 451.40

Til frádráttar:

1. Sláturlaun	kr. 13.60
2. Verðjöfnunarsjóðsgjald	— 2.35
3. Sölulaun	— 13.53
4. Þegar greitt í peningum	— 378.52

Kr. 408.00

Innstæða stefnanda nemur þannig kr. 43.40, enda fellst rétturinn ekki á, að reikna megi stefnanda til frádráttar kostnað við rekstur fjárins frá Höfn til Borgarness, eins og stefndi heldur fram að gera beri.

Verða stefnanda því dæmdar kr. 43.40 með 5% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og kr. 60.00 upp í málskostnað.

Dóm þenna kvað upp Gunnar A. Pálsson, fulltrúi lögmannsins í Reykjavík.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Verzlunarfélagið Borg h/f, greiði stefnandanum, Jóni Þorkelssyni, kr. 43.40 með 5% ársvöxtum frá 3. júní 1942 til greiðsludags og kr. 60.00 upp í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. febrúar 1947.

Nr. 59/1945. **Georg Magnússon** (Sjálfur)

gegn

Garðari Þorsteinssyni (Sjálfur).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Öflun skýrslna.

Úrskurður hæstaréttar.

Mál þetta höfðaði stefndi gegn áfrýjanda fyrir bæjarþingi Reykjavíkur til lúkningsar skuldakröfu. Áfrýjandi sótti hvorki bæjarþingið né lét sækja það af sinni hálfu, og var málið því dæmt samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936 eftir framlögðum skjölum og skilríkjum. Áfrýjandi, sem er ólög-lærður maður, hefur nú fyrir hæstarétti borið það fram, að sér hafi verið ókunnugt um stefnuna og að sér vegna þess og vegna fjarveru sinnar úr bænum hafi eigi verið unnt að sækja dómþingið. Kveðst hann hafa komið til bæjarins að kvöldi hins 15. júní 1944, sama daginn og málið hafði verið tekið til dóms, og frétt þá um stefnuna. Hafi hann nokkru síðar, en þó áður en dómur var upp kveðinn, snúið sér fyrst til fulltrúa borgardómara og síðan til borgardómarans sjálfs með beiðni um endurupptöku málsins, og hafi borgar-dómari tjáð sér, að endurupptaka væri ekki heimil. Fram er komið í málinu vottorð hlutaðeigandi fulltrúa borgar-dómara, er styður skýrslu áfrýjanda um það, sem fram fór milli hans og fulltrúans. Er þörf á því, að einnig verði aflað yfirlýsingar þáverandi borgardómara, Árna Tryggvasonar hæstaréttardómara, um þetta atriði, og ber að leggja fyrir héraðsdómarann að afla þeirrar yfirlýsingar.